



**Skipulagsnefnd Mýrdalshrepps**  
**Fundargerð**

**Fundur nr. 278 í Skipulagsnefnd Mýrdalshrepps haldinn mánudaginn 16. mars 2020 kl. 17:00 í Kötlusetri, Víkurbraut 28 í Vík.**

**Fundinn sátu ásamt undirrituðu nefndarfólki, Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri Mýrdalshrepps og George Frumuselu skipulags- og byggingarfulltrúi Mýrdalshrepps.**

**Skipulags- og byggingarfulltrúi óskar eftir því að eftirfarandi mál verði tekið utan auglýstrar dagskrár:**

**Þórisholt – Breyting á aðalskipulagi**

Lögð er fram tillaga um breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps vegna Þórisholts. Um er að ræða breytingu á stærð svæðisins frá fyrr samþykktu tillögu þann 13.janúar 2020.

Verður liður 2 í fundargerð.

*Frábrigðið samþykkt samhljóða*

**Efnistaka í sandfjöru austan Víkur – Breyting á aðalskipulagi.**

Ásgeir Jónsson f.h. LavaConcept Iceland ehf. lögð skipulags- og matslýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps varðandi efnistökusvæði og iðnaðarsvæði í fjörunni austan við Vík.

Verður liður 11 í fundargerð.

*Frábrigðið samþykkt samhljóða*

**Efnistaka úr Steigaraurum í Mýrdal – Ósk um framkvæmdaleyfi.**

Vegagerðin óskar eftir framkvæmdaleyfi við efnistöku úr opinni námu við Steigaraura í tengslum við nýframkvæmdir og viðhaldsframkvæmdir við Hringveginn í Mýrdalshreppi.

Verður liður 12 í fundargerð.

*Frábrigðið samþykkt samhljóða*

**Dagskrá fundarins:**

**I. Skipulagsmál:**

**1. Ás og Hótel Dyrhólaey – Deiliskipulagstillaga.**

Lögð er fram tillaga um deiliskipulag vegna Ás og Hótel Dyrhólaey. Deiliskipulagið nær yfir 11 ha. svæði úr landi jarðarinnar Áss í Mýrdalshreppi og yfir nokkrar lóðir sem tilheyrja Hótel Dyrhólaey og eigendum þess. Gert er ráð fyrir byggingu útihúss/skemmu, starfsmannahúsum og íbúðarhúsi.

*Skipulagsnefnd vekur athygli á misræmi á milli deili- og aðalskipulags og felur byggingarfulltrúa að upplýsa hlutaðeigandi um það. Geri umsóknaraðili ekki breytingar á*

*umsókninni samþykkir nefndin að senda deiliskipulagstillögunu óbreytta til auglýsingar í samræmi við 41.gr. skipulagslaga nr.123/2010 og að óska eftir umsögnum Skipulagsstofnunar, Umhverfisstofnunar, Minjastofnunar Íslands, Vegagerðarinnar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.*

**2. Þórisholt – Breyting á aðalskipulagi**

Lögð er fram tillaga um breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps vegna Þórisholts. Um er að ræða breytingu á stærð svæðisins frá áður samþykktri tillögu þann 13.janúar 2020.

*Samþykkt samhljóða.*

**3. Þórisholt – Deiliskipulagstillaga.**

Lögð er fram tillaga um deiliskipulag vegna Þórisholt. Deiliskipulagið nær yfir 3,4 ha. svæði úr landi Þórisholts og gert er ráð fyrir endurgerðar núverandi útihúsa, viðbyggingu og nýbyggingu á öðrum húsum á svæðinu.

*Skipulagsnefnd samþykkir að senda deiliskipulagstillögu til auglýsingar í samræmi við 41.gr. skipulagslaga nr.123/2010 og að óska eftir umsögnum Skipulagsstofnunar, Umhverfisstofnunar, Minjastofnunar Íslands, Vegagerðarinnar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.*

**4. Mýrarbraut 13 – Breyting á aðalskipulagi.**

Lögð er fram til samþykktar breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps við Mýrarbraut 13.

*Skipulagsnefnd samþykkir breytingu á reit V34 á þéttbýlisuppdrætti aðalskipulags Mýrdalshrepps 2012-2028. Aðeins er um litla stækkun á verslunar- og þjónustureit að ræða sem er ekki til þessa fallin að hafa mikil áhrif á einstaka aðila né stór svæði og telur því að um óverulega breytingu á aðalskipulagi sé að ræða.*

**5. Skeiðflöt - Deiliskipulagstillaga.**

Lögð er fram til samþykktar tillaga á deiliskipulagi vegna Skeiðflatar. Skipulagið var auglýst frá 9. desember 2019 til og með 20. janúar 2020 og bárust engar athugasemdir en umsagnir frá Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Minjastofnun Íslands og Vegagerðin.

*Skipulagsnefnd frestar afgreiðslu þar til umsækjandi hefur brugðist við athugasemdum Hsl. og Umhverfisstofnunar.*

**6. Víkurbraut 5 – Fyrirspurnir vegna byggingaáforma.**

Arnar Þór Jónsson f.h. Funafold ehf. sækir um leyfi fyrir stækkun á húsi innanlóðar og að koma að uppbyggingu á lystigarðinum vesta við hús í samvinnu við Mýrdalshrepp, í samræmi við framlögð gögn.

*Skipulagsnefnd felur skipulagsfulltrúa framkvæmd grenndarkynningar.*

**7. Sunnubraut 33 – Umsókn um byggingarleyfi.**

Eiríkur Vignir Pálsson f.h. Bergrúnu ehf sækir um byggingarleyfi fyrir parhús við Sunnubraut 33, í samræmi við framlögð gögn.

*Skipulagsnefnd setur sig ekki uppá móti byggingu parhúss á lóðinni með fyrirvara um grenndarkynningu en frestar afgreiðslu þar til málsett gögn og útlitsmynd liggja fyrir.*

**8. Dyrhólaey – Skilti.**

Daníel Freyr Jónsson f.h. Umhverfisstofnun sækir um leyfi fyrir skilti, í samræmi við framlögð gögn.



*Skipulagsnefnd frestar afgreiðslu og óskar eftir skriflegri staðfestingu um að landeigendur hafi samþykkt skiltin og staðsetningu þeirra. Einnig óskar nefndin eftir nánari upplýsingum um fyrirhugaða staðsetningu þeirra þriggja skilta sem ekki er búið að staðsetja í umsókninni og teikningu af þeim.*

**9. Bakkabraut 6a – Umsókn um byggingarleyfi.**

Ásgeir Logi Ísleifsson sækir um byggingarleyfi fyrir breytingar við húsið á Bakkabraut 6a, í samræmi við framlögð gögn.

*Skipulagsnefnd fagnar endurbótum á gömlum húsum í Vík, skipulagsnefnd felur byggingafulltrúa að framkvæma grenndarkynningu þegar fullnægjandi gögn hafa borist, þ.e. aðaluppdrátt.*

**10. Bakkabraut – Götubreytingar.**

Ásgeir Logi Ísleifsson óskar eftir aðgerðum, þar sem lega umferðargötu er mjög nálægt íbúðarhúsinu að Bakkabraut 6 í samræmi við framlögð gögn.

*Skipulagsnefnd felur byggingafulltrúa að koma með tillögu til útbóta á næsta fund.*

**11. Efnistaka í sandfjöru austan Víkur – Breyting á aðalskipulagi.**

Ásgeir Jónsson f.h. LavaConcept Iceland ehf. lögð skipulags- og matslýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps varðandi efnistökuvæði og iðnaðarsvæði í fjörunni austan við Vík.

*Skipulagsnefnd samþykkir skipulagslýsingu og felur byggingafulltrúa að óska eftir umsögnum frá Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Náttúrurfræðistofnun Íslands, Vegagerðin, Minjastofnun Íslands, Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, Heilbrigðiseftirlit, Landgræðslunni og Veðurstofu Íslands.*

**12. Efnistaka úr Steigaraurum í Mýrdal – Ósk um framkvæmdaleyfi.**

Vegagerðin óskar eftir framkvæmdaleyfi við efnistöku úr opinni námu við Steigaraura í tengslum við nýframkvæmdir og viðhaldsframkvæmdir við Hringveginn í Mýrdalshreppi.

*Skipulagsnefnd geri ekki athugasemd við veitingu framkvæmdaleyfis og felur skipulags- og byggingafulltrúa að ljúka málin.*

## II. Til kynningar:

**1. Verndarsvæði í byggð.**

Lögð er til kynningar staðfesting ráðherra um að vesturhluti Víkur í Mýrdal verði verndarsvæði innan sveitarfélagsins.

Fundi slitið klukkan 19:50

Drífa Bjarnadóttir

Óðinn Gíslason

Jónas Erlendsson



Þórey Richardt Úlfarsdóttir



Kristján Þórðarson

